

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2026/293**

2026/EES/36/05

frá 9. febrúar 2026

um breytingu á I. til IV. viðauka, VII., VIII., XI. og XIII. viðauka og um leiðréttingu á VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða þeirra eða hólfra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinnna skráðra sjúkdóma (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 31. gr. (annarri undirgrein 4. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 37. gr. (4. mgr.) og 42. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um sjúkdómsbundnar reglur um skráðu sjúkdómana sem um getur í 1. mgr. 5. gr. hennar og tilgreint hvernig eigi að beita þessum reglum gagnvart mismunandi flokkum þessara skráðu sjúkdóma. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er einnig kveðið á um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða eða hólfra þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Auk þess er í reglugerð (ESB) 2016/429 kveðið á um að aðildarríkin komi á fót skyldubundnum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. hennar og um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir slíkum áætlunum.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og er þar mælt fyrir um viðmiðanir fyrir því að veita aðildarríkjum eða svæðum eða hólfum þeirra sjúkdómalaus stöðu, viðhalda henni eða afturkalla hana ásamt kröfum varðandi samþykki fyrir útrýmingaráætlunum fyrir aðildarríki eða svæði eða hólf þeirra.
- 3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2623 ⁽³⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um samþykki fyrir og viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfra þar sem landdýr eru haldin og þar er mælt fyrir um sértækar reglur og skilyrði fyrir viðurkenningu á heilbrigðisástandi dýra í hólfum fyrir alifugla með tilliti til alvarlegrar fuglainflúensu og sýkingar af völdum Newcastle-veikiveiru.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/293, 10.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj>.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/689/oj).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2623 frá 30. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um samþykki fyrir og viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfra þar sem landdýr eru haldin (Stjtið. ESB L 2024/2623, 4.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2623/oj).

- 4) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 (4) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi skráða dýrasjúkdóma, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sjúkdómalaus stöðu og bólusetningarlaus stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólf þeirra, og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma. Nánar tiltekið eru aðildarríki eða svæði eða hólf þeirra með samþykkt sjúkdómalaus stöðu tilgreind í viðaukunum við þá reglugerð og með fyrirbyggjandi samþykktar skyldubundnar eða valkvæðar útrýmingaráætlanir. Vegna breytinga á faraldsfræðilegum aðstæðum í Sambandinu varðandi tiltekna skráða sjúkdóma ætti að breyta I. til IV. viðauka, VII., VIII., XI. og XIII. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.
- 5) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*, sýkingu af völdum hundaæðisveiru, smitandi hvítblæði í nautgripum, smitandi slímhúðarpest í nautgripum og IHN-veiki sóttu nokkur aðildarríki nýlega um það hjá framkvæmdastjórninni að fá samþykkt sjúkdómalaus stöðu fyrir tiltekin svæði á yfirráðasvæði þeirra. Að auki hafa nokkur aðildarríki ásamt Breska konungsríkinu, að því er varðar Norður-Írland í samræmi við Windsor-samninginn, tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur blátunguveiru (sermigerðir 1–24) á yfirráðasvæði þeirra. Þessi þróun ætti að endurspeglast í I. til IV. viðauka, VII., VIII., XI. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.
- 6) Að því er varðar *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfjár- og geitastofnum, sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* og smitandi hvítblæði í nautgripum lagði Króatía upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt fyrir allt yfirráðasvæði þess aðildarríkis. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að umsóknin uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu. Því ætti að skrá allt yfirráðasvæði Króatíu sem laust við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfjár- og geitastofnum og sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* og smitandi hvítblæði í nautgripum í 2. kafla I. hluta I. viðauka, I. hluta II. viðauka og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620, eftir því sem við á. Því ætti að breyta þessum viðaukum til samræmis við það.
- 7) Að því er varðar *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripastofnum lögðu Ungverjaland og Ítalía upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt fyrir allt yfirráðasvæði Ungverjalands og fyrir sýslurnar Trapani og Caltanissetta í héraðinu Sicilia, fyrir sýsluna Chieti í héraðinu Abruzzo og fyrir sýsluna Isernia í héraðinu Molise á Ítalíu. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að umsóknirnar uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu. Því ætti að skrá allt yfirráðasvæði Ungverjalands og sýslurnar Trapani og Caltanissetta í héraðinu Sicilia, sýsluna Chieti í héraðinu Abruzzo og sýsluna Isernia í héraðinu Molise á Ítalíu sem laus við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripastofnum í 1. kafla I. hluta I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 8) Að því er varðar sýkingu af völdum hundaæðisveiru lagði Pólland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt fyrir allt yfirráðasvæði héraðanna Łódzkie, Mazowieckie og Świętokrzyskie og fyrir tiltekin svæði í héruðunum Lubelskie og Podkarpackie. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að umsóknin uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu. Því ætti að skrá þessi svæði sem laus við sýkingu af völdum hundaæðisveiru í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 9) Að því er varðar smitandi slímhúðarpest í nautgripum lagði Þýskaland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt á svæðunum Borken, Gütersloh og Paderborn í Nordrhein-Westfalen Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að umsóknin uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu. Því ætti að skrá þessi svæði sem laus við smitandi slímhúðarpest í nautgripum í I. hluta VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 10) Að því er varðar sýkingu af völdum blátunguveiru tilkynnti Ítalía framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkingar af völdum blátunguveiru af sermigerðum 8 og 4 á svæðunum Friuli Venezia Giulia og Bolzano, sem áður voru sjúkdómalaus, eftir því sem við á. Að auki hafa Litáen og Ungverjaland ásamt Breska konungsríkinu, að því er varðar

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólf þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtúð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/620/oj).

Norður-Írland í samræmi við Windsor-samninginn, tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur blátunguveiru af sermigerð 3 á yfirráðasvæði þeirra sem áður var sjúkdómslaust. Enn fremur tilkynnti Pólland framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkingar af völdum blátunguveiru af sermigerð 3 í héruðunum Opolskie, Wielkopolski og Zachodniopomorskie sem hafa áhrif á stöðu svæðisins í Póllandi sem enn er með sjúkdómalausni stöðu. Þar eð allt yfirráðasvæði Litáens og Ungverjalands, héruðin Friuli Venezia Giulia og Bolzano á Ítalíu, héruðin Slaskie, Małopolskie og Świętokrzyskie og nokkur svæði héraðanna Lodzkie, Opolskie, Kujawsko-Pomorskie og Wielkopolski í Póllandi ásamt Breska konungsríkinu, að því er varðar Norður-Írland, eru með sjúkdómalausni stöðu og eru skráð í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að afturkalla samþykkið fyrir sjúkdómalausri stöðu með tilliti til sýkingar af völdum blátunguveiru fyrir allt yfirráðasvæði Litáens og Ungverjalands, héruðin Friuli Venezia Giulia og Bolzano á Ítalíu, héruðin Slaskie og Opolskie nokkur svæði í héruðunum Lodzkie, Świętokrzyskie, Kujawsko-Pomorskie, Małopolskie, og Wielkopolski í Póllandi ásamt Breska konungsríkinu, að því er varðar Norður-Írland í samræmi við Windsor-samninginn. Því ætti að breyta færslunum fyrir Ítalíu, Litáen, Ungverjaland og Pólland ásamt Breska konungsríkinu, að því er varðar Norður-Írland, í þeim viðauka til samræmis við það.

- 11) Að því er varðar IHN-veiki lagði Finnland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu vegna IHN-veiki, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í eftirstandandi hólfi í Finnlandi sem hefur ekki enn verið viðurkennt sem sjúkdómalaust. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessi umsókn uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna IHN-veiki. Því ætti að skrá allt yfirráðasvæði Finnlands í I. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaust m.t.t. IHN-veiki. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 12) Í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2623 er mælt fyrir um, að því er varðar alvarlega fuglainflúensu, umbreytingarákvæði og kveðið á um að rekstraraðilar alifuglahólfa sem hafa verið samþykkt í tengslum við fuglainflúensu í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 616/2009⁽⁵⁾ og sem eru skráð sem laus við alvarlega fuglainflúensu í XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 skuli sækja um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu með tilliti til alvarlegrar fuglainflúensu í samræmi við 4. gr. þeirrar framseldu reglugerðar innan 12 mánaða frá gildistökudegi hennar, þ.e. 24. október 2024; að öðrum kosti skal lögbert yfirvald afturkalla samþykki þeirra fyrir lok þess tímabils. Frakkland og Holland (Niðurland) lögðu upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu vegna alvarlegrar fuglainflúensu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2024/2623, eru uppfyllt að því er varðar sum af þeim hölfum sem eru sem stendur skráð, þ.e. ISA Bretagne, SASSO Sabres og SASSO Soultré í Frakklandi og Institut de selection animale B.V í Hollandi (Niðurlandi). Ekkert annað aðildarríki hefur lagt fram upplýsingar varðandi samþykki fyrir hölfum vegna alvarlegrar fuglainflúensu. Því ætti að uppfæra XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 þannig að hann nái yfir þessi hölf í Frakklandi og Hollandi (Niðurlandi). Því ætti að breyta XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til samræmis við það.
- 13) Enn fremur var töflunni, sem sett er fram í II. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620, breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2692⁽⁶⁾ með því að skrá Balear-eyjar á Spáni sem svæði með samþykktá útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blátunguveiru þar sem dagsetning upphaflegs samþykkis er 21. febrúar 2022. Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2692 öðlaðist gildi 21. október 2024. Hins vegar hefur nú komið í ljós villa í dagsetningu upphaflegs samþykkis þar eð Balear-eyjar voru með sjúkdómalausni stöðu með tilliti til sýkingar af völdum blátunguveiru fyrir 21. október 2024 og voru því skráðar sem slíkar í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Af þessum sökum voru Balear-eyjar ekki með samþykktá útrýmingaráætlun fyrir 21. október 2024 og dagsetning upphaflegs samþykkis þeirra getur því ekki verið 21. febrúar 2022. Færslunni fyrir Spán í þeirri töflu var síðar breytt með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/330⁽⁷⁾ og (ESB) 2025/1401⁽⁸⁾ með sömu dagsetningu upphaflegs samþykkis og fyrir Balear-eyjar. Því er rétt að leiðrétta dagsetninguna 21. febrúar 2022 og setja í stað hennar gildistökudag framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2692, þ.e. 21. október 2024. Því ætti að leiðrétta II. hluta VIII. viðauka til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 616/2009 frá 13. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2005/94/EB að því er varðar samþykki fyrir alifuglahöfnum og hölfum fyrir aðra fugla í haldi með tilliti til fuglainflúensu, og frekari, fyrirbyggjandi ráðstafanir varðandi smitvarnir í slíkum hölfum (Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2009/616/oj>).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2692 frá 17. október 2024 um breytingu á I. og VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinnna skráðra sjúkdóma (Stjtið. ESB L, 2024/2692, 18.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2692/oj).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/330 frá 19. febrúar 2025 um breytingu á VIII. og XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinnna skráðra sjúkdóma (Stjtið. ESB L, 2025/330, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/330/oj).

⁽⁸⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1401 frá 14. júlí 2025 um breytingu á I., VIII., XI., XV., XVI. og XVII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða þeirra eða hólfa að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinnna skráðra sjúkdóma (Stjtið. ESB L, 2025/1401, 15.7.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1401/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. til IV. viðauka, VII., VIII., XI. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt í samræmi við I. hluta viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæði VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 eru leiðrétt í samræmi við II. hluta viðaukans við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

I. HLUTI

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620

Ákvæðum I. til IV. viðauka, VII., VIII., XI. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í I. hluta er 1. kafla breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Ítalíu kemur eftirfarandi:

„Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia di Pescara, Teramo, Chieti Regione Basilicata: Provincia di Matera Regione Calabria: Provincia di Vibo Valentia Regione Campania: Provincia di Avellino, Benevento, Napoli Regione Emilia-Romagna Regione Friuli Venezia Giulia Regione Lazio Regione Liguria Regione Lombardia Regione Marche Regione Molise Regione Piemonte Regione Puglia: Provincia di Bari, Barletta-Andria-Trani, Brindisi, Lecce Regione Sicilia: Provincia de Agrigento, Trapani, Caltanissetta Regione Sardegna Regione Toscana Regione Trentino – Alto Adige Regione Umbria Regione Valle d’Aosta Regione Veneto“
---------	--

ii. Eftirfarandi færslu fyrir Ungverjaland er bætt við milli færslunnar fyrir Lúxemborg og færslunnar fyrir Möltu:

„Ungverjaland	Allt yferráðasvæðið“
---------------	----------------------

b) Í 2. kafla I. hluta er eftirfarandi færslu fyrir Króatíu bætt við milli færslunnar fyrir Frakkland og færslunnar fyrir Ítalíu:

„Króatía	Allt yferráðasvæðið“
----------	----------------------

c) Í II. hluta er 1. kafla breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Ítalíu kemur eftirfarandi:

„Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia dell’Aquila, Regione Basilicata: Provincia di Potenza Regione Calabria: Provincia di Catanzaro, Cosenza, Crotona, Reggio Calabria Regione Campania: Provincia di Caserta, Salerno Regione Puglia: Provincia di Foggia, Taranto Regione Sicilia, að undanskildu Provincia of Agrigento, Trapani, Caltanissetta“
---------	---

ii. Færslan fyrir Ungverjaland fellur brott.

d) Í 2. kafla II. hluta fellur færslan um Króatíu brott.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í I. hluta er eftirfarandi færslu fyrir Króatíu bætt við milli færslunnar fyrir Frakkland og færslunnar fyrir Ítalíu:

„Króatía	Allt yfírráðasvæðið“
----------	----------------------

b) Í II. hluta fellur færslan um Króatíu brott.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Pólland í I. hluta kemur eftirfarandi:

„Pólland	Héraðið Dolnośląskie: öll powiaty Héraðið Kujawsko-pomorskie: öll powiaty Héraðið Lubelskie, eftirfarandi powiaty: łukowski, rycki, puławski, opolski, kraśnicki, janowski, lubelski, m. Lublin, lubartowski, radzyński, parczewski, bialski, m. Biała Podlaska Héraðið Lubuskie: öll powiaty Héraðið Łódzkie: öll powiaty Héraðið Małopolskie: öll powiaty Héraðið Mazowieckie: öll powiaty Héraðið Opolskie: öll powiaty Héraðið Podkarpackie, eftirfarandi powiaty: stalowowolski, tarnobrzesci, m. Tarnobrzeg, niżański, leżajski, łańcucki Héraðið Podlaskie: öll powiaty Héraðið Pomorskie: öll powiaty Héraðið Śląskie: öll powiaty Héraðið Świętokrzyskie: öll powiaty Héraðið Warmińsko-mazurskie: öll powiaty Héraðið Wielkopolskie: öll powiaty Héraðið Zachodniopomorskie: öll powiaty“
----------	--

b) Í stað færslunnar fyrir Pólland í II. hluta kemur eftirfarandi:

„Pólland	Héraðið Lubelskie, eftirfarandi powiaty: włodawski, łęczyński, świdnicki, krasnostawski, zamojski, m. Zamość, biłgorajski, chełmski, m. Chełm, hrubieszowski, tomaszowski Héraðið Podkarpackie: eftirfarandi powiaty: lubaczowski, przeworski, jarosławski, rzeszowski, m. Rzeszów, strzyżowski, krośnieński, m. Krosno, sanocki, leski, bieszczadzki, przemyski, m. Przemyśl, Brzozowski, ropczycko-sędziszowski, jasielski, dębicki, mielecki, kolbuszowski“
----------	---

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í I. hluta er eftirfarandi færslu fyrir Króatíu bætt við milli færslunnar fyrir Frakkland og færslunnar fyrir Ítalíu:

„Króatía	Allt yfírráðasvæðið“
----------	----------------------

b) Í II. hluta fellur færslan um Króatíu brott.

5) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland í I. hluta kemur eftirfarandi:

„Þýskaland	Bundesland Baden-Württemberg Bundesland Bayern Bundesland Brandenburg Bundesland Bremen Bundesland Hamburg Bundesland Hessen Bundesland Mecklenburg-Vorpommern Bundesland Niedersachsen, að undanskildu Landkreis Cuxhaven Bundesland Nordrhein-Westfalen, að undanskildu Kreis Höxter Bundesland Schleswig-Holstein Bundesland Rheinland-Pfalz Bundesland Saarland Bundesland Sachsen Bundesland Sachsen-Anhalt Bundesland Thüringen“
------------	--

b) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland í II. hluta kemur eftirfarandi:

„Þýskaland	Bundesland Berlin Bundesland Niedersachsen: Landkreis Cuxhaven Bundesland Nordrhein-Westfalen: Kreis Höxter	21.2.2022“
------------	---	------------

6) Ákvæðum I. hluta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Færslan fyrir Litáen fellur brott.

b) Færslan fyrir Ungverjaland fellur brott.

c) Færslan fyrir Ítalíu fellur brott.

d) Í stað færslunnar fyrir Pólland kemur eftirfarandi:

„Pólland	Allt yfirráðasvæði Póllands, að undanskildu: województwo dolnośląskie, województwo kujawsko-pomorskie, województwo lubuskie, województwo łódzkie, województwo opolskie, województwo pomorskie, województwo śląskie, województwo wielkopolskie, województwo zachodniopomorskie, w województwie małopolskim: – powiat chrzanowski, – powiat krakowski, – miasto na prawach powiatu Kraków, – powiat limanowski, – powiat miechowski, – powiat myślenicki, – powiat nowotarski, – powiat olkuski, – powiat oświęcimski, – powiat suski, – powiat wadowicki,
----------	---

<ul style="list-style-type: none">– w powiecie proszowickim: gmina Koniusza, gmina Radziemice,– w powiecie wielickim: gmina Biskupice, gmina Gdów, gmina Niepołomice, gmina Wieliczka; <p>w województwie mazowieckim:</p> <ul style="list-style-type: none">– powiat gostyniński,– powiat mławski,– powiat płocki,– miasto na prawach powiatu Płock,– powiat przasnyski,– powiat sierpecki,– powiat żuromiński,– w powiecie ciechanowskim: gmina Ciechanów, miasto Ciechanów, gmina Gliniojeck, gmina Grudusk, gmina Opinogóra Górna, gmina Regimin,– w powiecie makowskim: gmina Krasnosielc, gmina Płoniawy-Bramura, gmina Sypniewo,– w powiecie ostrołęckim: gmina Baranowo, gmina Czarnia, gmina Kadzidło, gmina Lelis, gmina Łyse, gmina Myszyniec, gmina Olszewo-Borki,– w powiecie płońskim: gmina Baboszewo, gmina Czerwińsk nad Wisłą, gmina Dzierżążnia, gmina Naruszewo, gmina Raciąż, miasto Raciąż,– w powiecie sochaczewskim: gmina Brochów, gmina Iłów, gmina Młodzieszyn, gmina Nowa Sucha, gmina Rybno, gmina Sochaczew, miasto Sochaczew; <p>w województwie podlaskim:</p> <ul style="list-style-type: none">– w powiecie kolneńskim: gmina Kolno, miasto Kolno, gmina Turośl,– w powiecie łomżyńskim: gmina Zbójna; <p>w województwie świętokrzyskim:</p> <ul style="list-style-type: none">– w powiecie jędrzejowskim: gmina Nagłowice, gmina Sędziszów, gmina Słupia (Jędrzejowska), gmina Wodzisław,– w powiecie włoszczowskim: gmina Kluczewsko, gmina Moskorzew, gmina Radków, gmina Secemin, gmina Włoszczowa, <p>w województwie warmińsko-mazurskim:</p> <ul style="list-style-type: none">– powiat bartoszycki,– powiat braniewski,– powiat działdowski,– powiat elbląski,– miasto na prawach powiatu Elbląg,– powiat giżycki,– powiat iławski,– powiat kętrzyński,– powiat lidzbarski,– powiat mrągowski,– powiat nidzicki,– powiat nowomiejski,– powiat olsztyński,– miasto na prawach powiatu Olsztyn,– powiat ostródzki,– powiat piski,– powiat szczycieński,– powiat węgorzewski,
--

	<ul style="list-style-type: none"> – w powiecie elckim: gmina Elk, miasto Elk, gmina Stare Juchy, – w powiecie gołdapskim: gmina Banie Mazurskie, gmina Gołdap, – w powiecie oleckim: gmina Kowale Oleckie, gmina Świętajno.“
--	--

e) Færslan fyrir Breska konungsríkið (Norður-Írland) fellur brott.

7) Í stað færslanna fyrir Frakkland og Holland (Niðurland) í XI. viðauka kemur eftirfarandi:

„Frakkland	ISA Bretagne, nær yfir fyrirtækin EDE 22080055, EDE 22277180, EDE 22203429, EDE 22059174 og EDE 22295000, SASSO Sabres, nær yfir fyrirtækið EDE 40246082, SASSO Soultré, nær yfir fyrirtækið EDE 72341105.
Holland (Niðurland)	Institut de selection animale B.V, með samþykkisnúmerið 2338, nær yfir eftirfarandi fyrirtæki: <ul style="list-style-type: none"> – Institut de Selection Animale B.V., St. Anthonisweg 65 B, 5831 AD Boxmeer – ISA Siebengewald, Horsterbeekweg 5, 5853 GD Siebengewald – ISA Landhorst, Boekelsebaan 16, 5445 NH Landhorst – Mts. Everts, Riegshoogtendijk 146, 7913 TC Hollandscheveld – Mts. Van der Zee, Bakkeveenseweg 1, 9343 TB Een-West – Scherpenkate, Oosterkampen 2, 7722 VZ Dalfsen – Mts. Steverink, Dinxperloseweg 26b, 7064 LA Silvolde – Melitz V.O.F. Zeewolde, Ooievaarsweg 5, 3897 LG, Zeewolde.“

8) Í stað færslunnar fyrir Finnland í I. hluta XIII. viðauka kemur eftirfarandi:

„Finnland	Allt yferráðasvæðið“
-----------	----------------------

II. HLUTI

Leiðréttingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620

Í stað færslunnar fyrir Spán í II. hluta VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yferráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. mgr. 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
„Spánn	Comunidad Autónoma de las Islas Baleares	21.10.2024“